



Fundur háskólaráðs 31. ágúst 2006

Fundargerð

Málsnúmer: HI06010052
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundir, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Margrét Ludwig
Staða: Fært í skjalasafn

Dagsetningar:

Búið til: 24.08.2006
Dags: 31.08.2006

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

10/2006

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2006, fimmtudaginn 31. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Fundinn sátu: Kristín Ingólfssdóttir, Birna Arnbjörnsdóttir, Helgi Þorbergsson, Inga Jóna Þórðardóttir, Ólafur Þ. Harðarson, Reynir Jóhannesson (varamaður Ernu Kristínar Blöndal), Rúnar Vilhjálmsson, Sigurrós Eiðsdóttir og Þórdís Kristmundsdóttir. Matthías Páll Imsland boðaði forföll og varamaður hans einnig. Fundargerð ritaði Magnús Diðrik Baldursson.

Samþykkt fundargerð síðasta fundar var lögð fram.

Áður en gengið var til dagskrár bauð rektor nýtt háskólaráð hjartanlega velkomið til starfa.

1. Mál á dagskrá

1.1 Funda- og starfsáætlun háskólaráðs 2006-2007 og helstu verkefni framundan.
Rektor fór yfir framlagt yfirlit yfir fundi háskólaráðs og stærstu viðburði starfsársins 2006-2007 sem og helstu verkefni framundan. Málið var rætt.

1.2 Fjárhagsstaða Háskólans 2006, yfirlit eftir sex mánuði.
Rektor gerði grein fyrir framlögðu yfirliti um rekstur Háskóla Íslands fyrstu sex mánuði ársins 2006. Greindi rektor m.a. frá því að áformað er að fjalla ítarlega um fjármál Háskólans á fundi háskólaráðs í byrjun október. Málið var rætt ítarlega.

1.3 Kjör varaforseta háskólaráðs.
Rektor bar upp tillögu um að Ólafur Þ. Harðarson, prófessor í félagsvísindadeild og fulltrúi lagadeildar, viðskipta- og hagfræðideildar og félagsvísindadeildar í háskólaráði, verði kjörinn nýr varaforseti háskólaráðs.
- Samþykkt einróma.

2. Erindi til háskólaráðs

2.1 Erindi frá umsækjendum um skólavist.
Rektor gerði grein fyrir málinu og framlögðu minnisblaði frá akademískri stjórnslu, dags. 22. ágúst sl. Málið var rætt.
- Samþykkt einróma að staðfesta ákvörðun akademískrar stjórnslu.

3. Mál til fróðleiks

3.1 Skýrsla Efnahags- og framfarastofnunar (OECD) um æðri menntun á Íslandi, útgefin í ágúst 2006.

Rektor gerði stuttlega grein fyrir skýrslunni. Í máli rektors kom m.a. fram að föstudaginn 8. september nk. mun menntamálaráðuneytið gangast fyrir ráðstefnu þar sem skýrslan verður kynnt og efni hennar rætt.

Fleira var ekki gert.
Fundu slitið kl. 14.30.